

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs
44. fundur, haldinn í Ráðhúsinu Fellabæ, 3. október 2011

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Sigrún Blöndal sem tekið hefur sæti Ruthar Magnúsdóttur í svæðisráði, Jóhann F. Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Einar Kr. Haraldsson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

1. **Dagskrá fundarins kynnt og undirrituð fundargerð síðasta fundar.**
2. **Farið yfir það sem gert var á fundunum í júní og júlí.**
3. **Starfið í vetur skipulagt.**
4. **Síðasti fundur stjórnar Vatnajökulshjóðgarðs – sameining stofnana**
5. **Næsti fundur**
6. **Önnur mál.**

Björn Ármann stýrði fundi og setti fund kl. 17.05. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar

Björn Ármann fór yfir dagskrá fundarins. Svæðisráðsmenn undirrituðu fundargerð síðasta fundar sem hafði verið samþykkt gegnum tölvupóst.

2. Farið yfir það sem gert var á fundunum í júní og júlí

Rætt var um stöðu mála varðandi það sem til umfjöllunar var á fundum í júní og júlí. Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir hvernig samstarf við veiðimenn og leiðsögumenn með hreindýraveiðum hefði gengið. Að hennar mati gekk það samstarf vel og engin deilumál komu upp sem ekki tókst að leysa farsællega.

Farið var yfir ástand ýmissa slóða innan þjóðgarðsins og m.a. sýndar ljósmyndir frá því í sumar af slóðinni frá Snæfellsskála í Sauðakofa. Sauðakofaslóðin var merkt aðeins fyrir bíla á 38 tommum og yfir en var afar slæm í sumar og fór illa í bleytutíð. Einnig var Vesturöræfaslóðin um Dragöldu mjög slæm vegna bleytu. Landsvirkjun er búin að laga ytri hlutann af slóðinni inn í Bergkvíslarkofa en gamla slóðin sem tekur við er mjög slæm og nánast ófær á hluta. Allar þessar slóðir eru opnar með takmörkunum samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun. Svæðisráð er sammála um að ekki megi dragast lengur að fara í úrbætur á þessum slóðum.

Svæðisráð Austursvæðis beinir því til stjórnar Vatnajökulshjóðgarðs að leitað verði allra leiða til að laga þessar þrjár slóðir, Sauðakofaslóð, Vesturöræfaslóð og Bergkvíslarkofaslóð, fyrir næsta sumar ella verði að grípa til frekari takmarkana á umferð en gert hefur verið.

Spurt var eftir hvernig Ramsarumsókn um Eyjabakkasvæðið stæði. Óljósar fréttir eru af því máli en talið að það sé strand í kerfinu.

Svæðisráð Austursvæðis beinir því til Umhverfisstofnunar og umhverfisstofnunar að Ramsarumsókn um Eyjabakkasvæðið verði kláruð og send hið fyrsta áfram til afgreiðslu hjá alþjóðastofnunum.

Tekin var umræða um griðlandið við Snæfell, rjúpnaveiðar og refaveiðar, reiðleiðir í þjóðgarðinum og ýmis önnur atriði og orðalag í stjórnunar- og verndaráætlun. Einar vakti máls á því að svæðisráð ætti að taka til umræðu og skoðunar breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun á nokkrum atriðum sem snúa að svæðinu ef að áætlunin verði tekin upp á annað borð í vetur. Skiptar skoðanir voru varðandi Snæfellsgríðlandið og fleiri atriði en svæðisráð sammála um að halda umræðunni

áfram opinni á næstu fundum og fylgjast með hvað er að gerast almennt í endurskoðun á áætluninni. Sérstaklega telur svæðisráð rétt að skoða orðalag og skilgreiningar varðandi umferð hestamanna í þjóðgarðinum og „samráð“ vegna refaveiða.

3. Starfið í vetur skipulagt

Sigrún lagði til að kynningar- ímyndar- og fræðslumál yrðu tekin sérstaklega fyrir í vetur. Þjóðgarðsvörður sagði ýmislegt á döfinni í þeim efnum en ákveðið að taka þau sérstaklega fyrir á næsta fundi.

Vakið var máls á síðbúna haustferð eða vetrarferð svæðisráðs inn í þjóðgarðinn úr því að ekki tókst að fara í vettvangsferð í sumar. Þjóðgarðsverði falið að kanna möguleika á því að fara í slíka ferð kringum næsta fund og jafnvel halda hann innan þjóðgarðs.

4. Síðasti fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs - sameining stofnana

Formaður greindi frá því að komnar væru formlega fram hugmyndir um sameiningu allra þjóðgarða undir eina stofnun ásamt friðlýstum svæðum. Síðasti fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs fór að mestu í umræðu um þau mál.

Að lokinni góðri umræðu var samþykkt einróma eftirfarandi bókun:

Svæðisráð Austursvæðis minnir yfirvöld umhverfismála á bráðabirgðaákvæði í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð um að endurskoðun á stjórnfyrikomulagi þjóðgarðsins fari fram eigi síðar en 1. janúar 2013 í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Einnig óskar svæðisráð eftir því að fá formlega kynningu á þessum hugmyndum um þjóðgarðastofnun hið fyrsta til að skapa grundvöll fyrir málefnalega umræðu.

5. Næsti fundur

Ákveðið að halda næsta fund svæðisráðs 3. nóvember. Skoðað verður með möguleika á fundi á fjöllum uppi ef veður og aðstæður leyfa.

6. Önnur mál

a) Vörður Vatnajökulsþjóðgarðs

Skarphéðinn tók upp umræðu um vörðurnar sem komið var fyrir vestan við Laugarfell í sumar og lýsti áfram yfir skoðun sinni á að þær eigi að vera við leiðina inn að Snæfellsskála. Skiptar skoðanir voru um málið sem fyrr. Formaður upplýsti að þessi vörðumál ætti eftir að taka til nánari umfjöllunar hjá stjórn.

b) Ný bók um Vatnajökulsþjóðgarð

Skarphéðinn lagði til að svæðisráð fagnaði útgáfu ferðahandbókar um Vatnajökulsþjóðgarðs eftir Hjörleif Guttormsson en minnti jafnframt á að í bókinni væru enn vitlaus þjóðgarðsmörk dregin við Jökulkvísl. Svæðisráð lýsir yfir ánægju með útgáfu bókarinnar og vonast til að geta lesið hana sem fyrst.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.05.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Sigrún Blöndal

Skarphéðinn G. Þórisson

Einar Kr. Haraldsson